

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXIII. árgangur

2. hefti

1993

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 444/1992. **Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Ingólfi Magnússyni

(Sigurður Georgsson hrl.).

Ávana- og fikniefni.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1992 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvaldsins. Krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en ákærði fer fram á, að refsing verði milduð og skilorðsbundin.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta mat hans á sök ákærða og heimfærslu á brotinu til refsíákvæða, sem tiltekin eru í ákæru.

Sakaferli ákærða er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og ber að líta til hans við ákvörðun refsingar, eins og þar er gert. Að auki ber að taka tillit til þess, að ákærði var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 7. október 1992 fundinn sekur um brot gegn 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dæmdur til að sæta fangelsi 6 mánuði. Hafði sá dómur ekki verið kynntur héraðsdómara í máli þessu, þegar hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp. Jafnframt hefur ákærði nú með dómi sama dómstóls 24. febrúar 1993 verið sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en honum ekki gerð sérstök refsing vegna ákvæða 78. gr. lag-

anna. Brot þau, sem um var fjallað í dómum þessum, voru öll framin fyrir uppsögu hins áfrýjaða dóms.

Vegna dómsins frá 7. október 1992 bar að ákvarða refsingu ákærða í máli þessu sem hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Að öllu athuguðu telst refsingin hæfilega ákveðin hin sama og tiltekin var í hinum áfrýjaða dómi, eða fangelsi 5 mánuði, að frádreginni vist ákærða í gæsluvarðhaldi, 8 daga, sbr. 76. gr. laganna.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku fíkniefna og um sakarkostnað. Á dómurinn þannig að vera óraskaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ingólfur Magnússon, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. SÁ-43/1992: Ákærvaldið gegn Ingólfi Magnússyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 11. mars sl., á hendur ákærða, Ingólfi Magnússyni, áður að Ásgarði 75, nú að Laugateigi 19 í Reykjavík, kennitala 290856-4349.

Málið hafði ekki verið þingfest, þegar sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum var lagður niður með lögum nr. 19/1991, og fluttist málið því til dómsins samkvæmt bráðabirgðaákvæði 197. gr. áðurgreindra laga og var afhent dómaranum til meðferðar 20. október sl.

Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa í júlí 1991 á heimili sínu margsinnis selt Birgi Þór Birgissyni, kt. 210971-4389, amfetamín, samtals 50-80 g, á 3750-5000 kr. hvert gramm, og jafnframt haft í vörslum sínum á heimili sínu samtals 18,9 g af amfetamíni, er lögregla gerði þar hútleit 24. sama mánaðar.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu amfetamíni, sem lagt var hald á, samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986“.

Málavextir.

Ákærði kannast við, að hann hafi margsinnis í júlí 1991 á heimili sínu selt Birgi Þór Birgissyni amfetamín og jafnframt haft í vörslum sínum á sama stað 18,9 grömm af sama efni, sem lögregla lagði hald á 24. júlí 1991. Ákærði telur, að tilgreint magn, sem selt hafi verið, sé of mikið í ákæru, og hafi magnið ekki verið meira en 35-40 grömm og efnið blandað með mjólkursykri. Telur ákærði, að hann hafi í upphafi keypt 10 grömm af óblönduðu amfetamíni.

Ákæra málsins styðst um magn hins selda við framburð Birgis Þórs hjá lögreglu 1. ágúst 1991, en þá sagðist hann hafa keypt 50-80 grömm af efninu hjá ákærða. Ákærði sagði lögreglu sama dag, að hann hefði selt Birgi Þór 40-45 grömm, en næsta dag fyrir dómi gaf ákærði upp magnið 45-50 grömm.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, þó svo, að rétt þykir að miða við það magn efnisins, sem ákærði ber nú, en það er nær því, sem ákærði bar áður, og hið sama og Birgir Þór hefur borið í dag fyrir dóminum í máli, sem dæmt hefur verið vegna kaupa hans og sölu á sama efni. Brot ákærða er rétt fært til refsíákvæðis í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann níu sinnum frá ársbyrjun 1980 og fram í maí 1987 gengist með dómsátt undir að greiða sektir fyrir brot á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni. Þrívegis hefur ákærði frá 1977 til 1982 gengist með dómsátt undir að greiða sektir fyrir ölvun á almannafæri. Hann var dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi með dómi í desember 1981 fyrir tilraun til þjófnaðar. Þá hefur ákærði frá því í árslok 1986 og fram í júlí 1989 verið sakfelldur fjórum sinnum með dómi fyrir þjófnaðarbrot, fjársvik, hylmingu og brot á lögum og reglugerðum um ávana- og fíkniefni. Þrívegis var ákærða dæmd refsing, en einu sinni var það ekki gert með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga. Samanlögð refsing ákærða samkvæmt refsivistardómunum þremur var fangelsi í níu mánuði, en í eitt skipti

voru felldar inn í refsinguna 45 daga eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem ákærði hafði fengið reynslulaun á, en ekki staðist skilorðið.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans og þá sérstaklega litið til tíðra brota ákærða á lögum og reglugerð um ávana- og fíkniefni. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 25. júlí 1991 kl. 13.45 til 1. ágúst s. á. kl. 21.45, alls átta daga. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt, að gæsluvarðhald þetta komi refsingu ákærða til frádráttar.

Þá ber, svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt laga- og reglugerðar-ákvæðum þeim, sem þar greinir, að dæma ákærða til þess að sæta upptöku til ríkissjóðs á 18,9 grömmum af amfetamíni, sem hald var lagt á hjá ákærða við rannsókn málsins.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ingólfur Magnússon, sæti fangelsi í fimm mánuði, en frá refsingunni skal draga átta daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 18,9 grömmum af amfetamíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 20.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 30.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans.